





Reykjavík, 25. nóvember 2025 /ÓI
USK25100087

Fossaleynir 17 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Þorkels Magnússonar, dags. 6. október 2025, um breytingu á deiliskipulagi Fossaleynismýrar, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 17 við Fossaleyni sem felst í stækkun lóðarinnar til norðurs, samkvæmt fyrirspurnaruppdrætti Kanon arkitekta, dags. 6. október 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Fossaleynismýri



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Fossaleyni 17 borgarluta 8 Grafarvogi og er á skilgreindu miðsvæði (M10).

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Fossaleynismýri, samþykkt í borgarráði 7. febrúar 1995, (dags.) með síðari breytingum. Þann 8. mars 2019 var gerð breyting á deiliskipulagi Fossaleynismýri fyrir lóð nr. 17 vegna nýrrar lóðar fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til stækkunar lóðarinnar nr. 17 við Fossaleyni þar sem meðferðarheimilið Stuðlar er rekið. Samkvæmt fyrirspurnaruppdráttum Kanon arkitekta er óskað eftir að lóðin stækki til norðurs um 2.493 m², en núverandi lóð er skráð 3.781 m². Með stækkun lóðarinnar er ætlunin að tryggja nægilegt svigrúm til að byggja við núverandi húsnæði.


Árið 2019 var gerð breyting á deiliskipulagi Fossaleynismýrar til að heimila nýja 300 m² lóð fyrir bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Stuðla. Nú er fyrirhugað að þetta bráðabirgðahús víki og að fyrirhuguð lóðarstækkun taki yfir lóð hússins.

Í gildandi deiliskipulagi kemur fram að norðan við núverandi lóð var gert ráð fyrir mögulegri aðkomu að kirkjugarði. Slíkar hugmyndir eru ekki uppi á borðum núna og því telur skipulagsfulltrúi að sú kvöð ætti ekki að standa í vegi fyrir því að heimiluð yrði stækkun lóðarinnar til norðurs. Vestan við núverandi lóð er göngustígur sem samkvæmt fyrirspurnaruppdráttum myndi færast til vesturs þar sem fyrirhuguð lóðarstækkun nær yfir núverandi stíg. Einnig þarf að hafa í huga að frárennslislögn



Veitna liggur um svæðið og mikilvægt er að hafa samráð við Veitur um mögulega uppbyggingu á svæðinu og/eða tilfærslu á lögninni.

Norðan við lóðina liggur göngustígur frá Víkurvegi að Korpu. Stígurinn er tenging að opnum svæðum og útivistarsvæðum í nágrenninu og verður mikilvæg tenging við fyrirhugaða borgarlínu. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja nægilegt pláss fyrir aðskilinn hjólastíg og gróður meðfram núverandi göngustíg. Þess vegna er gerð krafa um að lóðamörk Fossaleynis 17 verði ekki færð nær mörkum aðliggjandi lóðar til norðurs en 8 metra. Einnig er gerð krafa um að hornréttur flái verði á lóðamörkum við mót göngustíganna til að tryggja sjónlengdir, sbr. merkingar á uppdrætti að neðan.



Niðurstaða

- Ekki er gerð athugasemd við að sótt sé um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarstækkunar.
- Taka þarf mið af athugasemdum sem fram koma í umsögn að ofan.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur



Reykjavík